

## Hverfisnefnd Síðuhverfis – 11. fundur haldinn í Síðuskóla 28. september 2005

Jón Birgir verkefnisstjóri umhverfismála hjá Akureyrarbæ kom á fund hverfisnefndar til þess að svara ýmsum spurningum nefndarinnar.

Jón Birgir sagði stefnuna vera þá að þetta byggð m.a. í Síðuhverfi og til stæði m.a. að byggja á því svæði sem smíðavöllurinn var á í sumar. Rætt var um bílplanið hjá Síðubúð og ákveðið að ýta enn frekar á að gengið verði frá þessu plani.

Framkvæmdir eru hafnar á leikvellingum við Bugðusíðu (Rauða róló). Þar á að girða upp á nýtt og setja niður leiktæki.

Rætt var um hið margumrædda skiltamál en ekki hefur borist svar frá bæjaryfirvöldum varðandi þau en hverfisnefnd hefur sent frá sér ítrekun vegna bréfs til Tækni- og umhverfiseildar sem fór frá nefndinni í maí. Jón Birgir sagði þetta mál vera í skoðun. Hverfisnefnd er umhugað um að prófa þessa aðferð í þeim tilgangi að skapa skynsamlegan umferðahraða.

Rætt var um hvort ekki væri skynsamlegt að færa spennistöð við Rimasíðu þannig að hægt sé að hleypa umferð beint inn í Rimasíðuna frá Austursíðu. Jón Birgir sagði það vera mál Norðurorku.

Jón Birgir upplýsti nefndarmenn um framkvæmdir við Síðubraut þar sem gangur verksins hefur verið afar hægur. Verktakinn sem hafði verkið upphaflega varð gjaldþrota en nýr verktaki er kominn í það- og verður brautin malbikuð í vor.

Fleira ekki bókað  
Elín E. Magnúsd.